

hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 427, um vigtun sjávarafila frá 26. október 1993, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

22. nóvember 1994

Nr. 619

REGLUR

um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneytið getur með eftirgreindum hætti veitt fjárhagslega aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga:

1. Með greiðslu upphæðar, sem að mati ráðuneytisins samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við undirbúning og framkvæmd sameiningar. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.
2. Með greiðslu aðkeyptrar vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vinna við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.
3. Með greiðslu sérstaks framlags til að jafna skulda- og rekstrarstöðu sveitarfélaga við sameiningu.

Fjárhagsleg aðstoð við viðkomandi sveitarfélag skal ákveðin á grundvelli peningalegrar stöðu sveitarsjóðs í hlutfalli af skatttekjum en án undirfyrirtækja. Í því sambandi skal miða við ársreikning sem byggður er á samræmdum reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga, sem settar eru fram í handbók um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga sem kom út í nóvember 1991, sbr. 5. gr. gr. nr. 280/1989 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.

Við mat á peningalegri stöðu sveitarfélags skal m.a. höfð hliðsjón af eftirtöldum atriðum, ef ljóst er að þau muni hafa veruleg áhrif við mat á stöðunni:

a. Eignir:

- * Hlutabréf.
- * Eignarhlutar í öðrum félögum.
- * Eignarhlutar í fyrirtækjum sveitarfélagsins, s.s. veitufyrirtækjum.
- * Félagsslegar íbúðir sem ekki eru færðar sem sérstakt fyrirtæki sveitarfélags.
- * Aðrar eignir sem ekki eru bundnar vegna lögboðinnar þjónustu sveitarfélags.

b. Skuldbindingar:

- * Ábyrgðaskuldbindingar sem fallið hafa á sveitarsjóð eftir lok reikningsskilatímabils eða er ljóst að muni falla á sveitarsjóði.
- * Skuldbindingar eigin fyrirtækja sveitarfélags eða vegna verkefna með öðrum, sem ætla má að lendi á sveitarsjóði í formi framlaga.

c. Þjónustustig og staða framkvæmda:

- * Staða sveitarsjóðs gagnvart lögboðnum verkefnum, s.s. skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum.
- * Verksamningar.

d. Annað:

* Atriði í ársreikningi sveitarfélags sem ekki eru í samræmi við reikningsskila-
aðferðir sveitarfélaga ef ljóst er að þau hafi áhrif á mat peningalegrar stöðu
sveitarfélagsins.

4. Með þátttöku í launakostnaði í allt að fjögur ár vegna ráðningar framkvæmdastjóra,
sem leiðir af sameiningu.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 114. gr. sveitarstjórlaga nr. 8/1986 og
öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.